

Erró og víðátturnar

Ný þemasýning á verkum Errós, undir yfirskriftinni Víðáttur, eða Scapes, var opnuð síðastliðinn laugardag í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Verkin á sýningunni eru úr eigu safnsins og einkasöfnum. Erró hefur um langt skeið málað stórar myndir sem fylla út í strigann, sem hann nefnir víðáttuverk. Víðáttuverkin sem nú eru til sýnis eru flest máluð á tíunda áratugnum og eru sprottin úr hugarheimi teiknimynda, með hetjum og þorpum vísindaskáldsagna þar sem góðu hetjurnar berjast gegn hinum



illu öflum sem öllu vilja tortíma. Næstkomandi sunnudag, 10. október kl. 15.00, mun Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sýningarstjóri annast leiðsögn um sýninguna. ■

Þurfum kjark til að láta svona illa

Söngkonurnar þrjár sem taka þátt í uppfærslu íslensku óperunnar á Sweeney Todd eru sérstaklega þjálfaðar til þess að syngja alltaf fallega, en í þessari sýningu þurfa þær að gera ýmislegt fleira.

Stephen Sondheim, höfundur óperunnar Sweeney Todd, sagði markmiðið með því að semja söngleik um hinn djöfullega rakara hafa verið skýrt og einfalt. Hann langaði til þess að búa til tónlist sem myndi hræða áhorfendur. Ef marka má vinsældir þessa söngleiks/óperu frá því að hún var frumsýnd árið 1979, hefur honum tekist það – því hvað finnst okkur skemmtilegra en að láta hræða okkur, hvort sem er í bíó, leikhúsi eða óperunni?

Það liggur í hlutarins eðli að tónlist sem hræðir okkur er ekki nein venjuleg óperutónlist sem hefur það markmið að snerta áheyrandann svo um munar með fegurð sinni. Það er því forvitnilegt að vita hvað klassískt menntuðum söngvurum Íslensku óperunnar finnst um að takast á við tónlist sem er svo gerólik því sem menntun þeirra miðaði að. Söngkonurnar þrjár sem taka þátt í sýningunni, Ingvaldur Ýr Jónsdóttir (frú Lóett), Hulda Björk Garðarsdóttir (Jóanna) og Sesselja Kristjánsdóttir (Betlikerling) eru skólaðar fyrir hinar ægifygru tóna Verdis, Puccinis og Mozarts og segja tónlistina í Sweeney Todd óneitanlega „spes.“

„Það sem er ekki síst óvenjulegt,“ segja þær, „er að þetta er hvorki söngleikur né ópera en

samt bæði söngleikur og ópera – en svo eru þetta leikrit að auki.“

„Ég hef áður tekið þátt í uppfærslu þar sem ég þurfti að leika og syngja,“ segir Ingvaldur Ýr, „en það er mjög langt síðan.“

„Þetta form er alveg nýtt fyrir okkur hin,“ segir Sesselja.

Söngkonurnar segja að sýningin sé mjög krefjandi fyrir alla söngvarana, vegna þess að öll hlutverkin séu karakterhlutverk. „Ólíkt því sem er í óperum, eru öll hlutverkin í sýningunni mjög afgerandi karakterar, bæði leiklega og sönglega séð. Við þurfum öll smá kjark til þess að syngja þau, vegna þess að röddin í okkur á ekki alltaf að vera falleg. Við erum vissulega öll með fallegar laglínur og stef, sérstaklega Sweeney og Jóanna, en svo allt í einu „snappar“ karakterinn og öskrar.“

„Við erum alin upp í því að syngja alltaf fallega og þurfum kjark til þess að láta svona illa. Það er óhætt að segja að tónlistin sé mjög krefjandi,“ segir Sesselja, „og háð því sjónræna. Mér fannst hún, til dæmis, ekkert sérstök þegar ég heyrði hana fyrst á geisladiski, en svo sá ég hana á dvd-diski og varð heilluð.“

Hvernig skýrið þið vinsældir hennar?

„Sagan er frábær, karakterarnir hver öðrum skemmtilegri og tónlistin er flott. Þetta er ekki háklassísk óperutónlist eða gargandi popptónlist, heldur söngleikur sem höfðar til allra kynslóða. Það hefur sýnt sig að þetta er söngleikur sem höfðar jafnt til ungs fólks í menntaskóla og til þrælsjóðra óperuunnenda.“ ■



INGVALDUR ÝR JÓNSDÓTTIR Þetta er ekki háklassísk óperutónlist eða gargandi popptónlist, heldur söngleikur sem höfðar til allra kynslóða.

Kennaratónleikar

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar heldur ferna tónleika á starfsárinu. Tónleikarnir verða haldnir í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og flytjendur eru kennarar skólans. Fyrstu tónleikarnir verða sunnudaginn 10. október kl. 17.00, þegar þau Marta Halldórsdóttir sópran og Örn Magnússon pianóleikari flytja ljóðadagskrá eftir Mozart, Haydn, Mendelssohn, Gunnar Reyni Sveinsson og Gunnstein Ólafsson.

JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR FELIX BERGSSON INGVAR E. SIGURÐSSON

lívasvík

LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN



SVIK

Við erum leidd aftur á bak í tíma þar sem rauður þráður ótryggðar, óheðarleika og sjálfsblekkingar flækir samræður persónanna og glæðir þær húmor með hættulegum undirtóni. Leikrit sem talar á persónulegan og trúverðugan hátt til áhorfenda. Því allir vita að erfiðara er að muna lygina en sannleikann....

HAROLD PINTER

Þýðing: Gunnar Þorsteinsson

„Það er ekki oft sem manni gefst færi á að njóta ósvíkinar listrænnar upplifunar af þessum gæðaflokki. Missið ekki af þessari glæsilegu sýningu.“

Soffía Auður Birgisdóttir, mbl.

3. sýning	fim. 7. október	kl. 20.00	UPPSELT.
4. sýning	fös. 8. október	kl. 20.00	UPPSELT.
5. sýning	sun. 10. október	kl. 20.00	UPPSELT.
6. sýning	sun. 24. október	kl. 20.00	Örfá sæti laus

Leikfélag Akureyrar miðasala 4600200 og www.leikfelag.is



gunnfit

Tímaritið Birta - frítt fyrir þig



- Kennari og pönkari
- Bubbi á breiðtjaldinu
- Kynþokki kemur að innan
- Bíómyndir vikunar
- Sjónvarps dagskráin

birta

ÚTBREIDDASTA TÍMARIT LANDSINS